

## **Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um foreldragreiðslur/heimgreiðslur vegna gæslu barns/barna.**

Hámarksupphæð foreldragreiðslna vegna 8 klukkutíma gæslu er kr. 36.800.- á mánuði fyrir hvert barn. Greiðslur miðast við áður samþykktar niðurgreiðslur til dagforeldra, enda er þeim ætlað að brúa það tímabil sem ekki fæst vistun fyrir barn hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla. Greitt er fyrir 11 mánuði, ekki er greitt fyrir sumarleyfi.

### **Skilyrði niðurgreiðslna**

- Foreldragreiðslur eru háðar því að barn og foreldrar/forráðamenn séu með lögheimili og aðsetur í Sveitarfélaginu Hornafirði.
- Skilyrði fyrir afgreiðslu foreldragreiðslna er að fyrir liggi staðfest umsókn um leikskólaláss í leikskólum sveitarfélagsins.
- Foreldragreiðslur standa eingöngu þeim til boða sem ekki hafa fengið vistun fyrir barn sitt hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla.
- Hægt er að sækja um foreldragreiðslur þegar barn hefur náð eins árs aldri.
- Foreldragreiðslur falla niður þegar barn verður þriggja ára gamalt eða þegar það fær inngöngu í leikskóla.

### **Afgreiðsla**

- Sækja þarf um foreldragreiðslur á sérstöku umsóknareyðublaði á íbúagáttinni á [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)
- Réttur til foreldragreiðslna skapast í næsta mánuði eftir að sótt er um. Ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða.
- Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar á undan greiðslumánuði. Foreldragreiðslur eru fyrirfram greiddar fyrir einn mánuð í senn.
- Útborgun foreldragreiðslu er eigi síðar en þriðja virka dag hvers mánaðar.

### **Viðurlög**

- Verði um ofgreiðslu á foreldragreiðslum að ræða, áskilja bæjaryfirvöld sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu, er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði Sveitarfélagsins Hornafjarðar, mánudaginn 28. nóvember 2016.